

Nd.

24. Frumvarp til laga

[24. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

1. Á eftir C. 3 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
 - a. *Vesturárdalsvegur*: Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár um Kollafoss að Húki.
 - b. *Heggstaðanesvegur*: Af Norðurlandsvegi vestan Miðfjarðarár að Bálkastöðum.
 - c. *Austursiðuvegur*: Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár um brú á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
 - d. *Asturárdalsvegur*: Frá Austurárbrú um Hnausakot að Aðalbóli.
2. Á eftir C. 6 í sömu grein koma nýir liðir:
 - a. *Ásabæjavegur*: Af Vesturhópsvegi hjá Þorfinnsstöðum að Stóru-Borg.
 - b. *Fitjavegur*: Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Hrísa að Fremri-Fitjum.
 - c. *Víðidalssvegur*: Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Víðidalstungu og brú á Víðidalsá að Kolugili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til, að nokkrir vegir í Vestur-Húnavatnssýslu verði teknir í tölu þjóðvega. Brýn þörf er þar fyrir vegabætur, en tekjur sýsluvegasjóðsins hrökkva skammt til að kosta þær framkvæmdir.